

Sp.

617. Tillaga til þingsályktunar

[184. mál]

um að fresta skipun sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flm.: Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að skipa ekki að nýju sendiherra í Kaupmannahöfn, er núverandi sendiherra þar lætur af embætti fyrir aldurs sakir, fyrr en Danir hafa afhent Íslendingum handrit þau, er þeir eiga í Árnasafni og öðrum söfnum í Danmörku.

Greinargerð.

Nú um hálfra aldar skeið hafa verið uppi hér á landi kröfur um það, að Dön-um bæri að skila Íslendingum aftur handritum, er þeir eiga í söfnum í Danmörku, Árnasafni og víðar. Hefur Alþingi nokkrum sinnum á þessu tímabili látið málið til sín taka og ávallt samþykkt einróma að fela ríkisstjórninni að bera fram við ríkisstjórn Danmerkur kröfur um þetta efni. Aðeins í eitt skipti er hægt að segja, að kröfur þessar hafi borið nokkurn árangur, sem var í því fölginn, að skilað var á árinu 1928 nokkrum embættisskjölum, er báru það með sér, að Árni Magnússon hefði fengið þau að láni hér heima, en mjög fáum eldri handritum eða bókum. En síðan hefur danska stjórnin skellt skollaeyrum við öllum kröfum Íslendinga um afhendingu á þessum dýrmæta menningararfi þjóðarinnar.

Sýnt er, að Íslendingar verða nú mjög að herða róðurinn fyrir endurheimt handritanna og linna eigi á, fyrr en af er látið þeirri ósanngirni og yfirgangi, sem dönsk stjórnarvöld beita Íslendinga í handritamálinu.

Það stendur fyrir dyrum, að núverandi sendiherra í Kaupmannahöfn láti af embætti fyrir aldurs sakir. Til þess að sýna það svart á hvítu, hve Íslendingar telja sig eiga hér mikilla hagsmuna að gæta og hve ríkur er metnaður þeirra fyrir því, að þessir menningarfjársjóðir séu varðveittir og hagnýttir í þeirra eigin háskóla, er hér lagt til, að ríkisstjórnin skipi ekki að nýju sendiherra í Kaupmannahöfn, fyrr en Danir hafa afhent Íslendingum handritin.

Grundvöllurinn fyrir vingjarnlegu samstarfi þjóða í milli hlýtur ávallt að vera sá, að þar ríki á báða bóga gagnkvæm sanngirni og velvildarhugur. En framkoma danskra stjórnarvalda gagnvart Íslendingum í þessu máli er vissulega slík, að Danir geta tæplega til þess ætlazt, að Íslendingar leggi í mikinn kostnað við það að halda uppi sendiherraembætti í Kaupmannahöfn í virðingarskyni við þá.